



BRÝNIÐ



12.árg. 2.tbl. Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð Maí. 2007

Frá formanni:

Nú er vor í lofti og hillir undir sumar. Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í vorsýningunni og leggja fram skurðverk sín og endurspegla þannig hluta af því sem félagsmenn eru að vinna að. Einnig eru félagsmenn hvattir til að koma með í vorferðina og taka með sér gesti.

Unnið hefur verið að heimasíðu og er sú vinna langt komin. Félagsmenn eru því beðnir um að skoða hana og láta vita hvað þeim finnst. Treskurdur.listalind.is

Með vorkveðju,

Sigurjón Gunnarsson

Skoðanakönnun á vegum FÁT:

Skoðanakönnun er send var út til að kanna hug félagsmanna (115 félaga) hefur skilað um 46 svörum (40%) þegar þetta er ritað. Rétt þykir að gefa nokkra hugmynd um niðurstöður. Könnunin var hugsuð sem leið til að kanna hug félagsmanna til nokkurra atriða.

Miðað við svör stunda rúm 80% félagsmanna tréskurð og 68% þeirra hafa stundað tréskurð í 5 ár eða lengur. 93% svarenda hafa sótt námskeið. Félagið er samkvæmt þessu með bæði tréskera og áhugafólk sem ekki er að skera út. Félagið er aðeins 10 ára gamalt og í það gengu í upphafi mun fleiri en eru nú félagar og því eðlilegt að meginþorri þeirra sem nú eru virkir hafi skorið út í meira en 5 ár.

Þegar spurt var hvort áhugi væri á að hafa aðstöðu til að vinna án þess að um námskeið sé að ræða, vildu tæp 80% það. Í lögum félagsins segir um tilgang félagsins: (2. liður) “Stefna að því að koma upp vinnuáðstöðu fyrir félagsmenn”. Þessa niðurstöðu þarf að ræða sérstaklega t.d. á næsta aðalfundi.

95% svarenda höfðu áhuga á aðgangi að teikningum. Félagið á svolítið safn teikninga en staðreyndin er sú að lítil ásókn er í þær. E.t.v. finnst einhverjum aðgengi að þeim ekki gott eða að hér skorti á að láta félagsmenn vita hvar þær eru niður komnar.

Rúm 95% höfðu áhuga á að eignast handbók um tréskurð á íslensku. Þörf á fróðleik á íslensku er því greinilega til staðar.

Það sem kom best út er svörum við því hvort félagsmenn vildu hafa aðgang að fróðleik um tréskurð t.d. hjá FÁT. Þar var svörunin 100%. Miðað við þessa niðurstöðu þarf að efla Brýnið, heimasíðu félagsins, útgáfustarfsemi, námskeið svo eitthvað sé nefnt.

Þegar spurt var hjá hverjum félagsmenn hefðu sótt námskeið komu samtals 26 nöfn.

12 nöfn voru nefnd þegar beðið var um upplýsingar um hverjir væru að kenna í dag.

Helst vildu félagar teikningar af kistlum, gestabókum, klukkum, öskum og rúmfjöllum.

Námskeið vildu félagar helst í djúpskurði, askasmíði og fleygskurði.

Erfitt er að draga einhverja ákveðna niðurstöðu þegar svör eru skoðuð um efnistöðir í Brýninu en flest svör hnigu að því að auka fróðleik, teikningar, myndir úr starfsseminni o.s.frv. Heimasíðan fékk líka niðurstöðu og Brýnið.

Stjórn félagsins þakkar þeim fjölmörgu sem svöruðu og mun, eftir því sem kostur er, hafa svörin að leiðarljósi við áframhaldandi starf.

Vorsýningin 17, 19 og 20 maí:

Kæru félagar.

Nú er komið að sýningunni okkar sem að þessu sinni verður í Háteigskirkju. Við viljum lýsa yfir ánægju með síðustu sýningu sem var í Ráðhúsinu og tókst vonum framar, en ráðamenn þar sögðu hana verið hafa þá bestu hingað til og tökum við undir það. Nú verður sú breyting á að sýningin verður yfir 3 daga. Fyrsti sýningardagur er uppstigningadag 17 maí. Þann dag verða kvenfélagskonur kirkjunnar með kaffi, en við höfum stílað upp á að vera þeim samstíga báðum til hagsbóta. Síðan verður sýningin um helgina laugardaginn 19 og sunnudaginn 20 maí. Alla dagana er opið frá 13:00-17:00.

Við viljum hvetja alla féлага að koma með ný eða áður ósýnd verk en tekið verður á móti þeim í kirkjunni (safnaðarheimilinu að norðanverðu) miðvikudaginn 16 maí frá 16:00-17:00 .

Með fyrirfram þökk fyrir hönd sýningarnefndar,
Bjarni Þór Kristjánsson.

Vorferð FÁT laugardaginn 26 maí :

Laugardaginn 26. maí er fyrirhugað að fara í vorferð og skoða nokkra áhugaverða staði.

Leiðin liggur upp í Borgarfjörð, að Hvanneyri, síðan í Borgarnes og að lokum til Akraness.

Að Hvanneyri verður litið við í kirkjunni, Ullarsetrinu, Búvélasafni og að lokum litið við í fjósinu.

Í Borgarnesi verður byrjað á því að skoða Landnámssetrið og þá sérstaklega þann hluta sem fjallar um Egilssögu, þar eru útskornir og tálgaðir hlutir eftir Helga Björnsson í Huppahlíð og fleiri.

Byggðasafnið í Borgarnesi verður skoðað og sérstaklega litið á útskorna hluti og mjög áhugaverða smíðju. Safnverðir munu setja upp sérstaka sýningu fyrir okkur. Ef tími vinnst til er möguleiki á að skoða sýningu sem tengist rannsóknarskipinu Pourquoi pas? sem strandaði á Mýrunum 1936.

Byggðasafnið að Görðum, Akranesi verður að lokum skoðað áður en haldið verður áleiðis til Reykjavíkur.

Í Landnámssetrinu gefst tækifæri til að fá sér súpu og brauð fyrir þá sem vilja.

Mæting er kl. 8:45 og lagt af stað kl. 9:00 frá Garðheimum við Mjódd og áætlað að koma til baka um 16:30. Kostnaður er kr. 2.500 á mann.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og taka með sér gesti.

Þátttöku þarf að tilkynna til formanns félagsins Sigurjóns Gunnarsonar, 557 8212, 899 5716 og netfang silo@mmedia.is , fyrir þriðjudaginn 22. maí.

Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Melalind 12,
201 Kópavogur
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.treskurdur.listalind.is>

Móttakandi: